



Alþingi - Allsherjarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110027
Brefalykill: 50.17

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvörp til laga, lögð fram á 128. löggjafarþingi 2002-2003:

336 mál, Vísinda- og tækniráð

357. mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir

345. mál, opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun

Ísáð er í umsögn Orkustofnunar (OS) frá 22. mars 2002. Þá fengu þessi lagafrumvörp ítarlega umfjöllun. Athugasemdir Orkustofnunar að þessu sinni beinast að þeim tillögum til breytinga sem stofnunin sendi þá og hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra í nýjum frumvörpum.

Hér að neðan koma tillögurnar eins og þær voru sendar í mars, ásamt feitletuðum athugasemdum.

1. *Að setja í lagafrumvarpið ákvæði um að þeir sem tilnefndir verða í Vísinda- og tækniráð skuli hafa viðtæka reynslu og þekkingu af rannsóknarstarfsemi eða tækniþróun.*

Ekki hefur verið tekið tillit til þessarar athugasemdar Orkustofnunar. Sjá athugasemd við 2. lið hér að neðan.

2. *Að hafa eina 14 manna Vísinda- og tækninefnd í stað tveggja aðskilinna 7 manna vísindanefnda og tækninefnda. Nefndin heyri undir forsætisráðuneytið eins og Vísinda- og tækniráðið.*

Tekið hefur verið tillit til þessarar athugasemdar OS að því leyti að ekki er lengur bundinn í lög tiltekinn fjöldi sem vera á í hvorri nefnd. Það þýðir að skipa má að einhverju leyti sömu menn í báðar nefndir og samhæfa þannig störf þeirra. OS telur það skref til bóta en heppilegra væri að hafa aðeins eina nefnd. Tilnefning í Vísindanefnd og Tækninefnd býður heim hættu á klofningi milli vísinda og tækni, eins og OS hefur bent á, þrátt fyrir aukinn sveigjanleika í fjölda nefndarmanna. Draga mætti úr því með því móti að Vísinda- og tækniráð tilnefndi auk félaga úr eigin röðum, til viðbótar aðra sem ekki sætu í ráðinu, t.d. jafnmarga eða hálf eins marga og úr Vísinda- og tækniráði. Það byði upp á fjölbreyttari samsetningu og víðari viðhorf, en eftir sem áður væru nefndirnar tilnefndar af Vísinda- og tækniráði. Með því er tryggð meiri þekking og reynsla nefndarmanna á rannsóknarstarfsemi og tækniþróun, sjá lið 1. Auk þess bendir Orkustofnun á að fleiri en fulltrúar háskólastigsins þurfi að koma að starfi Vísinda- og tækniráðs sem fulltrúar vísindasamfélagsins, t.d. mætti tilnefna 2 fulltrúa opinberra rannsóknastofnana í ráðið.

3. *Að notað verði heitið „Skrifstofa rannsókna og þróunar“ í stað heitisins „Þjónustumiðstöð vísindarannsókna“. Þótt skrifstofan heyri undir menntamálaráðuneytið*

feli iðnaðarráðuneytið henni umsjón og umsýslu Tækniþróunarsjóðs eins og umsjón og umsýslu Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs.

Fagnað er ákvörðun um nýja nafngift auk þess sem skerpt hefur verið á hlutverkinu skrifstofunnar.

4. Að festa beint í lagatextann sjálfan það hlutverk Skrifstofu rannsókna og þróunar að hún haldi utan um og fari með þjónustu vegna þátttöku Íslands í hinu alþjóðlega styrkjakerfi vegna vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, þ.m.t. vegna þátttöku í rammaáætlunum ESB og norrænu rannsóknarsamstarfi.

Á þessu hefur verið tekið.

5. Að sameinuð Vísinda- og tækninefnd tilnefni sjóðsstjórnir, að enginn úr nefndinni sitji í sjóðsstjórnunum en nefndin hafi eftirlit með störfum sjóðsstjórnar og samþykki tillögur sjóðsstjórnanna um úthlutun í heild sinni. Ennfremur að Vísinda- og tækninefnd samþykki úthlutunarreglur sjóðstjórnar.

Hafnað hefur verið tillögu OS um sameiningu nefndanna. Orkustofnun leggur áherslu á að Vísinda- og tækniráð samþykki úthlutunarreglur, en á því er ekki tekið í frumvarpinu eins og það er nú.

6. Að Vísinda- og tækninefndin ráði sér ritara sem hafi starfsaðstöðu á Skrifstofu rannsókna og þróunar þótt hann teljist ekki til starfsmanna hennar.

Orkustofnun telur viðunandi þá lausn sem fram kemur í núverandi frumvarpi.


7. Að orðalag síðustu setningar 1. mgr 2. gr. í frumvarpi menntamálaráðherra um stuðning við vísindarannsóknir orðist svo: „Samningur um styrkveitingu er bundinn við rannsóknir þess rannsóknarhóps sem talinn er upp í umsókninni, óháð því hvort hann, einstaklingar innan hans, fyrirtæki eða stofnanir sem þeir starfa hjá, eru formlegir umsækjendur eða aðilar samnings“.

Viðunandi lausn, sbr. umsögn í greinargerð, í 3. mgr. um 2. grein.

8. Lagt er til að skilyrði fyrir styrkhæfi úr Rannsóknarnámssjóði verði hin sömu og verið hafa. Hætt verði við þá takmörkun sem frumvarpið um stuðning við vísindarannsóknir áformar að námið verði að fara fram við innlenda háskóla.

Orðið hefur verið við þessari athugasemd.

Í heild hefur verið tekið tillit til flestra athugasemda stofnunarinnar og frumvörpin breyst mikið til batnaðar.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri